

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 26 kr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 64 kr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gald, þ. e. kr. 13 og kr. 32 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. mars 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 283/1982 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.**

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 15 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 30 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimilid í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. mars 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 80/1982 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.